

Verklagsreglur Skagafjarðar um rafræna vöktun

1. gr.

Rafræn vöktun og gildissvið

Skagafjörður nýtir rafræna vöktun hjá stofnunum sínum þar sem það er talið nauðsynlegt á grundvelli öryggis og/eða eignavörslu, sbr. 9. og 11. grein laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Rafræn vöktun nær bæði til vöktunar þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og hugsanlega unnar frekar og vöktunar sem fer fram í rauntíma án þess að fram fari söfnun myndefnis eða önnur vinnsla persónuupplýsinga.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að við alla rafræna vöktun sé gætt meðalhófs og virðingar fyrir friðhelgi einkalífs þeirra sem henni sæta.

Við rafræna vöktun hjá stofnunum Skagafjarðar skal sérstaklega tryggt að meginreglum 8. gr. persónuverndarlaga sé fylgt. Þannig skal vöktun ávallt fara fram í skýrum og málefnalegum tilgangi og þær unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Eingöngu sé safnað nauðsynlegum persónuupplýsingum, þær varðveittar í takmarkaðan tíma og þannig að öryggi þeirra sé tryggt.

Reglur þessar eru settar til samræmis við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og reglur Persónuverndar nr. 50/2023, um rafræna vöktun. Reglur þessar skulu gilda um alla rafræna vöktun hjá stofnunum Skagafjarðar og skulu birtar opinberlega.

Forstöðumenn stofnana þar sem rafræn vöktun á sér stað bera ábyrgð á að farið sé að reglum þessum. Áður en til rafrænnar vöktunar samkvæmt reglum þessum kemur, skal upplýsa alla þá sem kunna að vera á vöktuðum svæðum um vöktunina og setja upp merki sem gefa til kynna að um vaktað svæði sé að ræða.

2. gr.

Umfang rafrænnar vöktunar og tilgangur

Tilgangur með rafrænni vöktun með öryggismyndavélum er að varna að eigur Skagafjarðar séu skemmdar, þeim sé stolið, að farið sé um byggingar í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á þessum svæðum.

Stafrænar myndavélar eru einungis settar upp hjá stofnunum Skagafjarðar þegar það er talið nauðsynlegt að hafa rafræna vöktun á grundvelli öryggis og/eða eignavörslu. Vöktunin og reglur þessar eru kynntar þeim sem vöktun hefur áhrif á, hvort sem um ræðir nemendur, foreldra og/eða starfsmenn. Þeir staðir þar sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti.

Tilgangur með rafrænni vöktun og upptöku símtala er að gæta lögmætra hagsmuna Skagafjarðar og tryggja öryggi starfsmanna. Þeir aðilar sem sæta upptöku skulu upplýstir um að símtal sé eða kunni að vera hljóðritað. Tilgangur upptökunnar er jafnframt að vernda hagsmuni þeirra sem nýta sér þjónustu sveitarfélagsins t.d. með því að geta fært sönnur á efni samtala sem kunna að hafa þýðingu fyrir réttindi eða skyldur Skagafjarðar, þjónustuþega sveitarfélagsins, viðskiptamanna sveitarfélagsins eða annarra sem kunna að eiga hagsmuna að gæta í samskiptum sínum við Skagafjörð. Þá er upptökum á símtölum einnig ætlað að vernda starfsmenn sveitarfélagsins gegn hótunum sem þeir kunna að sæta í tengslum við störf sín til að tryggja öryggi þeirra.

3. gr.
Ákvörðun um rafræna vöktun

Uppsetning nýrra eftirlitsmyndavéla er háð samþykki sviðsstjóra þess sviðs sem viðkomandi stofnun heyrir undir, og skal tekin afstaða til þess hvar heimilt er að koma fyrir myndavélum í samráði við öryggisstjóra. Við töku slíkrar ákvörðunar skal hafa í huga þær meginreglur sem fjallað er um í 1. gr. og ekki gengið lengra en þörf krefur hverju sinni.

Kaup á búnaði til myndeftirlits eru gerð í samráði við öryggisstjóra og uppsetning á búnaði er framkvæmd í samráði við öryggisstjóra og eignasjóð.

4. gr.
Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun kunna eingöngu að verða skoðaðar ef upp koma atvik er varðar eignarvörslu og/eða öryggi einstaklinga, s.s slys, þjófnaður, skemmdarverk eða hótanir, eða ef upp kemur ágreiningur sem varðar réttindi eða skyldur sveitarfélagsins eða þeirra sem eiga í samskiptum við sveitarfélagið og hafa hagsmuna að gæta.

Einungis forstöðumenn stofnana Skagafjarðar eða nánar tilgreindir starfsmenn útnefndir af þeim skulu hafa aðgang að rafrænni vöktun. Starfsmenn sem þurfa að hafa aðgang að vöktuninni skulu undirrita trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir séu bundnir þagnarskyldu um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Ávallt skulu tveir starfsmenn/forstöðumenn vera saman við skoðun efnis úr rafrænum öryggismyndavélum. Ef upptökur eru skoðaðar skal það gert með vísun í tilgang myndeftirlitsins og halda þarf skrá um skoðanir sem hægt er að bera saman við atburðaskráningu eftirlitsmyndavélakerfis. Óheimilt er að afrita upptökur úr myndeftirlitskerfi.

Ef aðili sem sætt hefur rafrænni vöktun óskar eftir að fá að skoða gögn, skulu starfsmenn Skagafjarðar, sem hafa aðgang að vöktuninni, skoða umrædda upptöku og ganga úr skugga um að upptakan sé af viðkomandi. Ef svo er skal verða við þeirri beiðni eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Ef aðrir einstaklingar eru persónugreinanlegir á viðkomandi upptöku skal þeim tilkynnt um að upptaka sem inniheldur myndefni af þeim sé til skoðunar og þeim einnig boðið að skoða upptökuna.

Ef upp kemur atvik sem þarfnast skoðunar og skoðun leiðir í ljós atvik þar sem ólöggráða einstaklingur á í hlut, skal hafa samband við forráðamenn viðkomandi og bjóða þeim að vera viðstaddir skoðunina svo fremi sem kostur er.

Ef ágreiningur skapast um vinnslu efnis sem safnast við rafræna vöktun, t.d um lögmæti vöktunar, fræðslu eða rétt til að skoða gögn sem safnast, skal leita ráðgjafar persónuverndarfulltrúa Skagafjarðar. Ef enn er til staðar ágreiningur skal leita til Persónuverndar.

Öryggisstjóri Skagafjarðar í samráði við forstöðumenn stofnana fer árlega yfir lista yfir þá starfsmenn sem hafa aðgang að eftirlitskerfum og upptökum ásamt því að skoða skrá um skoðanir og bera saman við atburðaskráningu eftirlitsmyndavélakerfa.

5. gr.

Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Óheimilt er að varðveita persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun lengur en í 30 daga nema að lög heimili það eða dómsúrskurður liggir fyrir. Skagafjörður tryggir því yfirskrift á stafrænum upptökum áður en 30 daga varðveislun er náð.

6. gr.

Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Upptök og gögn sem verða til við rafræna vöktun er almennt óheimilt að afhenda öðrum en lögreglu og þá eingöngu ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða. Óheimilt er að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem aflað hefur verið með rafrænni vöktun nema með skýru upplýstu samþykki þess aðila sem upptakan er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Undantekning á þessu er þegar tryggingarfélag óskar eftir gögnum vegna tryggingamáls, sbr. 10. gr. reglna Persónuverndar nr. 50/2023, um rafræna vöktun.

7. gr.

Ábendingar og andmæli varðandi framkvæmd vöktunar

Hafa skal samband við persónuverndarfulltrúa Skagafjarðar ef einhverjar ábendingar eða andmæli eru vegna framkvæmdar vöktunar, með því að senda tölvupóst á personuvernd@skagafjordur.is eða í síma: 455 6000. Þá er bent á að heimilt er að senda inn kvörtun til Persónuverndar en nánari upplýsingar um ferli kvartana og eyðublað má finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

8. gr.

Öryggismyndavélar hjá Skagafirði í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínu

Reglur þessar gilda ekki um þær öryggismyndavélar sem hafa verið settar upp í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínuna utan stofnana Skagafjarðar.